



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 27. júní 2022
MÍ202206-0062/ 6.09 / S.G.

Tryggvabraut og atvinnusvæði norðan Tryggvabrautar, umsögn um deiliskipulag

Með tölvupósti sendum 15. júní 2022 óskaði María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna deiliskipulags við Tryggvabraut og atvinnusvæði norðan Tryggvabrautar. Meðfylgjandi var greinargerð með skipulags og byggingarskilmálum og deiliskipulagsupphráttur hvorutveggja dagsett 6. desember 2021. Minjastofnun hefur áður sent inn umsögn um skipulagslýsingu þessa skipulags dagsetta 28. september 2018.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjavörður hefur tekið svæðið út á vettvangi. Allt skipulagssvæðið er raskað og ólíklegt að minjar finnist innan þess og því fer stofnunin ekki frammá uppfærslu á eldri skráningu. Ekki er að sjá að neinar byggingar innan svæðisins falli undir lög um menningarminjar og gerir Minjastofnun því ekki athugasemdir við tillöguna eins og hún var kynnt stofnuninni.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun